

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### 25. fundur.

að Hlíðavegi 6, 27. september 2007, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til efnistöku í Sandabotnum.
3. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til borunar rannsóknarholu í Bjarnarflagi.
4. Tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, fyrri umræða.
5. Erindi frá formanni Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, tillaga að kjördegi.
6. Fundargerð skólanefndar frá 29. ágúst sem frestað var á síðasta fundi.
7. Slægjufundur.
8. Umsókn um lán úr Skútusjóði.
9. Vegagerðin, helmingamokstur.

#### Til kynningar:

Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. ágúst.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE. dags. 8. ágúst.

Fundargerð Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfél. dags. 11. sept.

Fundargerð Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfél. dags. 17. sept.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til efnistöku í Sandabotnum.**

Borist hefur erindi frá Landsvirkjun dags. 13. sept. þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir allt að 40.000. m<sup>3</sup> efnistöku í Sandabotnum. Fyrirhugðu efnistaka er hvorki tilynningar- né matskyld, þar sem hún er innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Námunni er ætlað að mæta efnisþörf til borteiga- og vegagerðar á jarðhitasvæðunum við Kröflu og í Bjarnarflagi a.m.k. næstu tvö árin. Rannsóknunum á fyrirhugðu námasvæði er lýst ítarlega í meðfylgjandi greinargerð Stapa jarðfræðistofu ehf, dags. 3. sept. 2007. Með tilkomu efnisvinnslu í Sandabotnum er stefnt að því að draga úr efnisnámi úr gjallnámunni í Grænugilsöxl en unnið er að tillögu að frágangi á þeirri námu í samráði við Umhverfisstofnun. Jafnframt liggur fyrir bréf frá Umhverfisstofnun dags. 13. sept. Þar sem fram kemur að stofnunin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugða efnistöku. Sveitastjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi en bendir á að efnistakan fer fram í Sandabotnaskarði en ekki í Sandabotnum.

**3. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til borunar rannsóknarholu í Bjarnarflagi.**

Borist hefur erindi frá Landsvirkjun dags. 13. sept. þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun 2000 – 2500 m. rannsóknarholu í Bjarnarflagi. Tilgangur með borun holunnar er að kanna nánar norðuhluta jarðhitakerfisins til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi. Holunni hefur verið valinn staður á nýjum borteig, BJ-15 sem er rétt norðan við varmaskiptastöð hitaveitu sveitarfélagsins og sést á meðfylgjandi mynd. Umrætt svæði er innan iðnaðarsvæðis i gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og á borteig sem skilgreindur er í matsskýrslunni „Bjarnarflagsvirkjun 90 Mwe og 132 kV Bjarnarflagslína í Skútustaðahreppi“ dags. 17. Des. 2003. Engin vegagerð fylgir framkvæmdinni en styrkja verður veg frá þjóðvegi að borteig svo hann beri tilheyrandi þungaflutninga. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

**4. Tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, fyrri umræða.**

Fyrir fundinum liggur tillaga Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar. Tillagan rædd og henni vísað til annarrar umræðu. Íbúum Skútustaðahrepps er bent á að hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. **Erindi frá formanni Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, tillaga að kjördegi.**  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu Samstarfsnefndar um sameiningu Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar þess efnis að kosið verði um sameiningu sveitarfélagana 17. nóvember n.k.
6. **Fundargerð skólanefndar frá 29. ágúst sem frestað var á síðasta fundi.**  
Á fundi sveitarstjórnar 6. sept. s.l. var frestað afgreiðslu á þeim hluta fundargerðarinnar er laut að þeirri ósk skólastjóra Tónlistarskólans að nemendum skólans standi til boða samspil eða hljómsveitarstarf sem sé innifalið í gjaldi Tónlistarskólans.  
Sveitarstjórn samþykkir að verða við þessari ósk fram að áramótum 2007/2008, en fyrir liggur að endurskoða gjaldskrá Tónlistarskólans í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2008.
7. **Slægjufundur.**  
Nú er komið að íbúum á svæðinu frá Garði/Grænavatni að Kráká að sjá um Slægjufund. Sveitarstjórn samþykkti með tölvupósti að skipa Ástu Lárusdóttur formann slægjunefndar að þessu sinni.
8. **Umsókn um lán úr Skútusjóði.**  
Borist hefur umsókn frá Bøðvari Péturssyni og Hrefnu Sigurgeirsdóttur um lán úr Skútustjóði vegna byggingar íbúðarhúss í Baldursheimi.  
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.  
Bøðvar tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.
9. **Vegagerðin, helmingamokstur.**  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við Vegagerðina um fyrirkomulag snjómoksturs í sveitarfélaginu sem lítur að svokölluðum helmingamokstri.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Bøðvar Pétusson.